



## 496. fundur Þingvallanefndar

9. nóvember 2022 kl 11.30

Skrifstofa Þingvallanefndar, Austurstræti 12.

Mætt: Vilhjálmur Árnason, Oddný G. Harðardóttir, Tómas Tómasson, Þórarinn Ingi Pétursson varamaður Hafdísar Hrannar Hafsteinsdóttur og Andrés Ingi Jónsson. Berglind Ósk Guðmundsdóttir og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir boða forföll. Auk þeirra sat fundinn Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri, Einar Á. E. Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund og stýrir.

### Dagskrá

1. Sumarhús – Forkaupsréttur Víkurvegur 6.  
Þingvallanefnd samþykkir að falla frá frá forkaupsrétti á Víkurvegi 6 og heimilar framsal lóðaleiguréttinda.
2. Vinna við rekstraráætlanagerð 2023 - gestur: Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri.  
Þjóðgarðsvörður og fjármálastjóri fara yfir gerð rekstraráætlunar og helstu þætti sem hafa áhrif á gerð hennar. Rekstraráætlun næsta árs tekur mið af útkomuspá ársins 2022 sem er jákvæð um 8 m.kr. Almenn umræða um rekstur þjóðgarðsins.
3. Innviðaaáætlun  
Þjóðgarðsvörður kynni þriggja ára verkefnaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum sem sett er fram í samræmi við lög nr. 20/2016. Meðal tillagna eru framkvæmdir við breytingar á rútubílastæðum við gestastofu, hreinsistöð fyrir fráveitu og úttekt á brúnni yfir Öxará við Drekkingarhyl.
4. Heimsminjaskrá UNSECO og Þingvellir.  
Þjóðgarðsvörður greinir frá að þriðja umferð vöktunarferlis heimsminja á vegum heimsminjaskrifstofunnar er hafin. Athyglin beinist nú að Norður-Ameríku og Evrópu þar sem allir heimsminjastaðir taka þátt. Ferlið er tvíþætt þar sem fulltrúar þjóðríkja sem samþykkt hafa heimsminjasamninginn og staðarhaldarar á heimsminjastöðum skila sitthvorri samantekt og svörum til heimsminjaskrifstofunnar. Skilafrestur er 31. Júlí 2023.

Fundi slitið.